

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/573****2021/EES/78/04****frá 6. júní 2016**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til að tryggja að samhýsingarþjónusta og fyrirkomulag þóknana sé sanngjarnt og án mismununar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum d-lið 12. mgr. 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að samþykkja ítarlega tæknilega eftirlitsstaðla til að tilgreina með skýrum hætti skilyrðin fyrir því þegar samhýsing og fyrirkomulag þóknana sem viðskiptavettvangar nota telst vera sanngjarnt og án mismununar.
- 2) Með tilskipun 2014/65/ESB eru kröfurnar sem varða samhýsingu og fyrirkomulag þóknana láttnar ná til markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga. Því er mikilvægt að tryggja að þessir vettvangar séu einnig innan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 3) Til að tryggja samræmd skilyrði ættu sameiginlegar kröfur að gilda um allar tegundir samhýsingarþjónustu og um viðskiptavettvanga sem skipuleggja sín eigin gagnaver eða nota gagnaver sem eru í eigu eða undir stjórn þriðju aðila.
- 4) Viðskiptavettvangar ættu að geta ákvarðað viðskiptastefnu sína að því er varðar samhýsingu og hvaða tegundum markaðsaðila þeir vilja veita aðgang að þessari þjónustu, að því tilskildu að viðskiptastefna þeirra byggji á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum án mismununar. Viðskiptavettvangar ættu ekki að vera krafðir um að láta samhýsingarþjónustu sína ná út fyrir mörk rýmisins, rafmagns, kælingar eða svipaðrar aðstöðu sem tiltæk er og ættu að hafa rétt til að ákvarða hvort þeir auka við samhýsingarrýmið eða ekki.
- 5) Samhýsingarþjónusta og fyrirkomulag þóknana sem er sanngjarnt og án mismununar krefst fullnægjandi gagnsæis til að tryggja að skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB séu ekki sniðgengnar. Viðskiptavettvangar ættu þess vegna að nota hlutlæg viðmið þegar afslættir og jákvæðir og neikvæðir hvatar eru ákvarðaðir.
- 6) Banna ætti fyrirkomulag þóknana sem stuðlar að ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum með því að hvetja til ákafra viðskipta á skömmum tíma og sem leitt getur til álags á innviði markaðar. Þess vegna ætti að heimila magnafslætti, að því tilskildu að þeir, líkt og verðaðgreiningarkerfi, byggji á heildarmagni viðskipta, heildarfjölda viðskipta eða uppsöfnuðum viðskiptaþóknunum vegna eins aðila þar sem eingöngu jaðarviðskiptin, eftir að viðmiðunarmarkinu er náð, eru á niðursettu verði.
- 7) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem lögleiða tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 145. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtfð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samhýsingarþjónusta sem er sanngjörn og án mismununar

1. Viðskiptavettvangar sem veita samhýsingarþjónustu skulu, innan marka rýmisins, rafmagns, kælingar og svipaðrar aðstöðu sem tiltæk er, tryggja að slík þjónusta sé veitt á sanngjarnan hátt og án mismununar eins og mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. í tengslum við eftirfarandi:

- a) gagnaver sem þeir eiga og stjórna,
- b) gagnaver í þeirra eigu sem stjórnað er af þriðja aðila sem þeir velja,
- c) gagnaver sem eru í eigu og undir stjórn þriðja aðila, sem viðskiptavettvangurinn hefur gert útvistunarsamning við um fyrirkomulag innviða viðskiptavettvangsins til framkvæmdar viðskipta og nándaraðgangs (e. *proximity access*) að honum,
- d) nándarhýsingarþjónustu í eigu og undir stjórn þriðja aðila sem hefur gert samning við viðskiptavettvanginn.

2. Viðskiptavettvangar skulu veita öllum notendum sem hafa skráð sig í sömu samhýsingarþjónustu aðgang að neti sínu með sömu skilyrðum, þ.m.t. að því er varðar rými, rafmagn, kælingu, kapallengd, gagnaadgang, markaðstengingu, tækni, tækniadstoð og tegundir skilaboða.

3. Viðskiptavettvangar skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vakta allar tengingar og mælingar á biðtíma (e. *latency*) til að fyrirbyggja mismunun gagnvart öllum notendum samhýsingarþjónustunnar sem hafa aðgang með sömu tegund biðtíma.

4. Viðskiptavettvangar skulu bjóða samhýsingarþjónustu eina sér án nokkurrar kröfu um kaup á pakkþjónustu.

2. gr.

Gagnsæi þegar samhýsingarþjónusta er veitt

Viðskiptavettvangar skulu birta eftirfarandi upplýsingar um samhýsingarþjónustu sína á vefsetri sínu:

- a) lista yfir veitta þjónustu með upplýsingum um rými, rafmagn, kælingu, kapallengd, gagnaadgang, markaðstengingu, tækni, tækniadstoð, tegundir skilaboða, fjarskipti og tengdar afurðir og þjónustu,
- b) uppbyggingu gjaldskrár fyrir hverja þjónustu eins og sett er fram í 2. mgr. 3 gr.,
- c) skilyrðin fyrir aðgangi að þjónustunni, þ.m.t. upplýsingatæknikröfur og rekstrarfyrirkomulag,
- d) mismunandi tegundir biðtíma aðgangs sem í boði eru,
- e) verklag við úthlutun samhýsingarrýmis,
- f) kröfur sem gerðar eru til þriðju aðila sem veita samhýsingarþjónustu, eftir atvikum.

3. gr.

Þóknanir sem eru sanngjarnar og án mismununar

1. Viðskiptavettvangar skulu taka sama gjald af og bjóða sömu skilmála fyrir alla notendur sömu tegundar af þjónustu, á grundvelli hlutlægra viðmiða. Viðskiptavettvangar skulu eingöngu koma á mismunandi uppbyggingu gjaldskrár fyrir sömu tegund þjónustu ef sú uppbygging er byggð á mælanlegum og hlutlægum viðmiðum án mismununar að því er varðar:

- a) heildarmagn viðskipta, fjölda viðskipta eða uppsafnaðar viðskiptaþóknanir,

- b) þjónustuna eða þjónustupakka sem viðskiptavettvangurinn veitir,
- c) umfang eða svið notkunar sem óskað er eftir,
- d) myndun seljanleika í samræmi við 2. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða það þegar þeir gegna hlutverki viðskiptavaka eins og hann er skilgreindur í 7. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að gjaldskrá sín sé nógu ítarleg til að gera notendum kleift að áætla gjöld sem greiða ber á grundvelli a.m.k. eftirfarandi þátta:

- a) þjónustu sem tekið er gjald fyrir, þ.m.t. þess hvaða starfsemi leiðir til gjaldtökkunar,
- b) gjaldsins fyrir hvern þjónustuþátt, þ.m.t. hvort gjaldið er fast eða breytilegt,
- c) afslátta og hvetjandi eða letjandi þátta.

3. Viðskiptavettvangar skulu bjóða þjónustuþætti eina sér án þess að þeir séu hluti af pakka með annarri þjónustu.

4. gr.

Gagnsæi gjaldskráa

Viðskiptavettvangar skulu birta hlutlæg viðmið um ákvörðun gjalda sinna og uppbyggingar þeirra og annarra skilmála sem mælt er fyrir um í 3. gr., auk gjalda fyrir framkvæmd, gjalda fyrir viðbótarþjónustu, afslátta og hvetjandi og letjandi þátta í einu ítarlegu skjali sem er aðgengilegt almenningi á vefsetrum þeirra.

5. gr.

Uppbygging gjaldskráa sem er bönnuð

Viðskiptavettvangar skulu ekki bjóða aðilum sínum, þátttakendum sínum eða viðskiptavinum sínum uppbyggingu gjaldskrár þar sem það að viðskipti þeirra fari yfir tiltekin viðmiðunarmörk leiðir til þess að öll viðskipti þeirra njóti lægra gjalds á tilteknu tímabili, þ.m.t. þau viðskipti sem voru framkvæmd áður en þeim viðmiðunarmörkum var náð.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.